

# **Karlar og konur í íslensku sjónvarpi**

## **Fréttir**

**Margrét Valdimarsdóttir**  
**Ágúst 2005**

## Inngangur

Markmið þessarar skýrslu er að greina frá hlutfalli karla og kvenna sem birtast í fréttum og fréttatengdum þáttum í íslensku sjónvarpi. Einnig er skoðað í hvaða hlutverki kynin birtast á skjánum og hver aldursdreifing þeirra er.

Pessi skýrsla er unnin af félags- og fjöldalafræðinema við Háskóla Íslands fyrir menntamálaráðuneytið. Samskonar rannsókn fór fram í upphafi árs 2000.

Sex fréttapættir á tveimur sjónvarpsstöðvum voru greindir. Við greiningu á frétttaefni voru Ríkissjónvarpið og Stöð 2 aðeins til skoðunar, við greiningu á öðru efni var sjónvarpsstöðin Skjár 1 einnig skoðuð. Sjö dagar, hver dagur vikunnar, var greindur hjá báðum sjónvarpsstöðvum. Um er að ræða svokallaða samsetta viku, þ.a.s. valdir voru að handahófi sjö dagar yfir mánaðar tímabil, apríl mánuð 2005. Þetta var gert þannig að einstakir viðburðir hefðu ekki skekkjandi áhrif á niðurstöður.

## Aðferð og gögn

Öll hugtök og aðferðir sem notast er við í þessari rannsókn byggja á erlendum fyrirmundum og má þar nefna fjölbjóðlega rannsókn á vegum Evrópusambandsins er heitir *European Commission's Fourth Community Action Programme on Equal Opportunities for Women and Men*.

Niðurstöður þessarar rannsóknar byggir á meginlegum gögnum sem fegnar eru úr innhaldsgreiningu á sex fréttapáttum á tveimur sjónvarpsstöðvum. Þeir þættir sem voru til skoðunar eru Ísland í býtið (Stöð 2), Ísland í dag (Stöð 2), Fréttir Stöðvar 2, Aðalfréttir Ríkissjónvarpsins, Kastljós (RÚV) og Tíufréttir (RÚV).

Greindir voru dagarnir; 7. apríl (fimmtudagur), 9. apríl (laugardagur), 13. apríl (miðvikudagur), 17. apríl (sunnudagur), 19. apríl (þriðjudagur), 25. apríl (mánudagur), 29. apríl (föstudagur). Þættirnir voru teknir uppá myndbandsspólur þessa daga og gögnin svo skráð í SPSS tölfraðiforrit.


Þegar skráð var kyn viðkomandi sem birtist á skjánum var einnig skráð aldur, hvort að fréttin væri innlend eða erlend, hver efnisflokkur fréttarinnar var, hvort að viðkomandi væri innri eða ytri þáttakandi, hvert hlutverk hans eða staða væri og þegar það átti við hver staða myndavélar í viðtali væri og hvar það færí fram. Innri þáttakandi í þessum gögnum eru þeir sem starfa fyrir sjónvarpsstöðvarnar en ytri þáttakandi er þeir

einstaklingar sem var fjallað við, fjallað um eða greint frá. Aldri er skipt í sex flokka, yngri en 12 ára, 13-19 ára, 20-34 ára, 35-49 ára, 50-64 ára og 65 ára og eldri.

Aldurskipting er höfð frekar gróf þannig að auðveldara væri að leggja mat á aldur viðkomandi, en hér ber að taka fram að í einhverjum tilfellum þurfti rannsakandi að leggja huglægt mat við skráningu. Þegar talað var um einstakling sem ekki var sýndur í mynd, þannig að ómögulegt hefði verið að meta aldur viðkomandi, var skráð sérstaklega *ekki vitað*.

## Niðurstöður

Niðurstöður þessar byggja á sex fréttarþáttum eða fréttatengdum þáttum á tveimur sjónvarpsstöðvum. Fréttir Stöðvar 2, Ísland í dag og Ísland í býtið á stöð 2 og Aðalfréttatími Ríkissjónvarpssins, Tíufréttir og Kastljósið hjá Ríkisjónvarpinu. Samtals voru 999 einstaklingar greindir, af þeim eru 755 karlar og 244 konur.



### Mynd 1. Hlutfall karla og kvenna í íslenskum fréttum.

Eins og áður hefur komið fram fór fram innihaldsgreining á sex fréttapáttum, þremur hjá Ríkissjónvarpinu og þremur hjá Stöð 2, í sjö daga. Fjöldi þeirra einstaklinga sem greindir voru eru samtals 999, þar af 755 karlar og 244 konur. Á mynd eitt er birt hlutfall karla og

kvenna í fréttum á tímabilinu sem var til skoðunar. Þrátt fyrir að vera u.p.b. helmingur íslensku þjóðarinnar gegna konur einhverskonar hlutverki í fréttum í 24% tilvika. Hlutfall karla í íslenskum fréttum er 76%.


### **Tafla 1. Fjöldi og hlutfall innri og ytri þátttakenda greint eftir kyni.**

	Innri þátttakendur		Ytri þátttakendur	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
<b>Karlar</b>	207	69,1%	548	78,3%
<b>Konur</b>	92	30,9%	152	21,7%
<b>Samtals</b>	299	100%	700	100%

Í töflu 1 eru hvoru tveggja birtar fjöldatölur og hlutföll yfir innri og ytri þátttakendur í fréttum eftir kynferði. Innri þátttakandi er einstaklingur sem starfar fyrir sjónvarpsstöðina, fréttafólk stöðvarinnar sem um ræðir. Ytri þátttakandi er einstaklingur sem að fréttamenn ræða við eða greina frá.


Eins og kom fram á mynd 1 eru karlar í miklum meirihluta þegar skoðaðir eru innri og ytri þátttakendur saman. Þegar við skoðum hlutfallið í sitthvoru lagi kemur í ljós að meiri munur er á hlutfalli kynjanna sem eru ytri þátttakendur. Konur eru aðeins 21,7% þeirra sem að annað hvort rætt var við í formlegu viðtali, talað var um eða greint frá en karlar 78,3%.

### **Ytri þátttakendur**



**Mynd 2. Ytri þáttakendur í einstökum fréttapáttum Ríkissjónvarpsins og Stöðvar 2 eftir kynferði.**

Á mynd 2 hefur hlutfalli ytri þáttakenda verið skipt eftir kynferði og allra þeirra þátta sem voru til skoðunar. Hlutfallslega er mesti munur á milli kynjanna í þættinum Ísland í dag á Stöð 2, en þar eru karlar 86,10% þáttakenda en konur einungis 13,90%. Einnig er hlutfallsmunur mikill í öðrum fréttarþáttum, fyrir utan Kastljósið, þar sem að karlar birtast rúmlega þrisvar sinnum oftar en konur. Í Kastljósinu á RÚV er hlutfall kvenna hærra en karla, eða 56,3% á móti 43,7% karla. Hér ber þó að taka fram að í Kastljósinu eru fáir einstaklingar sem liggja að baki þessum hlutfallstöllum, aðeins 16 einstaklingar, þannig að einn einstaklingur sem skiptir um kyn getur haft í för með sér mikla prósentusveiflu.



### **Mynd 3. Ytri þáttakendur Ríkissjónvarpsins og Stöðvar 2 eftir kynferði.**

Mynd 3 sýnir hlutfallslega skiptingu kvenna og karla á hvorri sjónvarpsstöð. Hér hefur hlutfall fréttajáttu verið lagt saman. Þessi hlutföll eiga við um alla sem rætt var við eða talað um í fréttum. Einungis 19% viðmælanda fréttu Stöðvar 2 eru konur, og aðeins 25% viðmælenda hjá Ríkissjónvarpinu eru konur. Þegar þessi hlutföll eru borin saman þarf að hafa í huga, eins og kom fram á mynd 2, að Kastljósið hefur hér jákvæð(minni munur) áhrif á prósentutölu Ríkissjónvarpsins.

**Tafla 2. Aldursdreifing ytri þátttakenda greint eftir kyni (fjöldi og hlutfall).**

	Karlar		Konur	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
<b>Yngri en 12 ára</b>	3	0,7%	1	0,7%
<b>13-19 ára</b>	8	1,9%	4	2,9%
<b>20-34 ára</b>	125	29,7%	49	36,3%
<b>35-49 ára</b>	196	46,5%	60	44,4%
<b>50-64 ára</b>	79	18,7%	19	14,1%
<b>65 ára og eldri</b>	10	2,5%	2	1,6%
<b>Samtals</b>	421	100%	135	100%

Í töflu 2 má sjá bæði fjölða og hlutfall ytri þátttakenda í fréttum flokkaða eftir aldurshóp og kynferði. Eins og taflan sýnir þá eru konur hlutfallslega fleiri í aldurshópnum 20-34 ára en karlar eru hlutfallslega fleiri í öllum eldri flokkum. Vert er að taka fram að ekki var hægt að aldursgreina þó nokkurn fjölda einstaklinga, 127 karla og 17 konur. Þetta voru einstaklingar sem aðeins var rætt um án þess að birt væri af því mynd og því varhugavert að giska til um aldur.

**Tafla 3. Hlutverk ytri þáttakenda greint eftir kyni (fjöldi og hlutfall).**

	Karlar		Konur	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
<b>Talað um, ekki við</b>	327	61,7%	70	45,7%
<b>Þáttakandi í viðtali</b>	151	28,5%	74	48,4%
<b>Sérfræðingsálit</b>	18	3,4%	4	2,6%
<b>Þáttakandi í umræðum</b>	23	4,2%	5	3,3%
<b>Blaðamannafundur</b>	11	2,1%	0	—
<b>Samtals</b>	530	100%	135	100%

Tafla 3 gefur upp fjölða og hlutfall ytri þáttakenda í fréttum eftir því hvaða hlutverki þeir höfðu þar að gegna. Í flestum tilfellum sem að karlar þóttu fréttaefnar var talað um þá, eða í 61,7% tilfella. Hér er ekki hægt að bera saman prósentuhlutfall þeirra karla og kvenna sem að er í hverjum flokki þar sem prósentulan án við innan hvers kyns. Þrátt fyrir að karlar séu aðeins í 28,5% tilfella þáttakendur í viðtali en konur 48,4% þá er fjöldi karla 151 en kvenna 74.

**Tafla 4. Staða ytri þáttakanda greint eftir kyni (fjöldi og hlutfall).**


	Karlar		Konur	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
<b>Stjórnmálamaður</b>	98	17,9%	24	15,8%
<b>Sérfræðingur</b>	45	8,2%	14	9,2%
<b>Talsmaður hagsmunasamtaka</b>	11	2,0%	12	7,9%
<b>Athafnamaður</b>	20	3,7%	9	5,9%
<b>Fórnarlamb</b>	13	2,4%	8	5,3%
<b>Sjúklingur</b>	0	0%	2	1,3%
<b>Almennur borgari</b>	19	3,5%	13	8,6%
<b>Listamaður</b>	28	5,1%	16	10,5%
<b>Opinber embættismaður</b>	26	4,8%	7	4,6%
<b>Stjórnandi fyrirtækis eða stofnunar</b>	55	10,1%	9	5,9%
<b>Íþróttamaður</b>	209	38,2%	29	19,1%
<b>Annað</b>	23	4,2%	9	5,9%
<b>Samtals</b>	547	100%	152	100%

Í töflu 4 hefur hlutverki og staða ytri þáttakenda verið greind enn betur. Í íþrótttafréttum er fjallað um mikinn fjölda íþróttafólks sem hefur þau áhrif að hlutfallslega flestir ytri þáttakendur sem greindir voru, bæði á meðal karla og kvenna, eru íþróttafólk (þó um 10% hærri hlutfall karla en kvenna). Næst stærsta hlutfall karla og kvenna eru stjórnmálamenn. 17,9% karla sem birtist í fréttum eru stjórnmálamenn og 15,8% kvenna. Eins og var tekið fram við töflu 3 ber að hafa í huga þegar þessar prósentutölur eru skoðaðar að þær eiga við innan hvors kyns, á tímabilinu birtust 98 stjórnmálamenn í fréttum en aðeins 24 stjórnmálakonur. Þó nokkrar konur sem komu fram í fréttum eru listamenn og einnig sérfræðingar, hvoru tveggja um 10%. 32 einstaklinga voru flokkaðir undir annað, í mörgum tilfellum sem sá flokkur var gefinn var um afbrotamann að ræða.

**Tafla 5. Efnisflokkar fréttar og ytri þáttakendur greint eftir kyni (fjöldi og hlutföll).**

Efnisflokkur	Karlar		Konur	
	Fjöldi	Hlutfall)	Fjöldi	Hlutfall
Afbrot/dómsmál	30	5,5%	9	5,9%
Andlátsfrétt	4	0,7%	3	2,0%
Atvinnulíf	9	1,6%	1	0,7%
Átök/erjur/stríðsfréttir	9	1,6%	3	2,0%
Bílar	5	0,9%	1	0,7%
Efnahagsmál/verðbréf	16	2,9%	4	2,6%
Erlend stjórnsmál	15	2,7%	—	—
Fjöldlar/fjarskipti	22	4,0%	15	9,9%
Fjölskylda & heimili	4	0,7%	3	2,0%
Heilbrigðismál	17	3,1%	7	4,6%
Iðnaður	9	1,6%	—	—
Innlend stjórnsmál	31	5,7%	6	3,9%
Íþróttir	228	41,6%	31	20,4%
Jafnréttismál	2	0,4%	1	0,7%
Landbúnaður	2	0,4%	1	0,7%
Menningarmál	26	4,7%	15	9,9%
Menntamál	10	1,8%	10	6,6%
Náttúra/dýr	6	1,1%	5	3,3%
Neytendamál	4	0,7%	4	2,6%
Sagnfræði/pjóðfræði	2	0,4%	1	0,7%
Samfélagsmál	9	1,6%	9	5,9%
Samgöngur/ferðamál	9	1,6%	1	0,7%
Sjávarútvegur	9	1,6%	—	—
Skemmtiefni/afþreying	10	1,8%	5	3,3%
Slúður	13	2,4%	7	4,6%
Slysafréttir	8	1,5%	4	2,6%
Sveitarstjórnarmál	2	0,4%	—	—
Trúmál	14	2,6%	1	0,7%
Tækni og vísindi	5	0,9%	—	—
Utanríkismál	15	2,7%	4	2,6%
Verkalýðsmál	3	0,5%	1	0,7%
Samtals	548	100,0%	152	100,0%

Í töflu fimm eru ytri þáttakendur greindir eftir efnisflokk fréttar sem viðkomandi gegndi hlutverki í. Í þeim tilfellum sem að frétt fjallaði um fleiri en einn af þessum efnisflokkum var sá efnisflokkur sem þótti ráðandi skráður. Hér má sjá að engin kona kom fram í frétt varðandi erlend stjórnsmál, iðnað, sjávarútveg, sveitarstjórnarmál eða tækni og vísindi. Karlar eru fleiri en konur í öllum flokkum nema samfélagsmál en þar er fjöldi kynjanna jafn. Á næstu töflum eru þessir efnisflokkar sundurliðaðir og skipt í flokkanna stjórnsmál, samfélagsmál og atvinnumál.



#### **Mynd 4. Efnisflokkar fréttar og ytri þátttakendur greint eftir kyni (hlutföll).**

##### **Stjórnmálatengdir þættir.**


Á mynd 4 er hlutfall karla og hlutfall kvenna skipt í þætti sem eru stjórnmálatengdir.

Notast er við erlenda fyrirmund af því hvaða flokkar teljast til stjórnmálaþátta. Á meðal kvenna sem birtast í fréttum tengdar stjórnmálum birtast, eða er fjallað um, stærsta hlutfall þeirra vegna afbrota og/eða dómsmála eða tæplega 27% þeirra. Einnig er hátt hlutfall kvenna sem birtist í fréttum tengdum heilbrigðismálum, rúmlega 21%. Á meðal karla er einnig hátt hlutfall sem birtist vegna afbrota og/eða dómsmála, 23,6%, en aðeins 13,4% þeirra birtist í fréttum tengdum heilbrigðismálum. Hæsta hlutfall karla birtist í fréttum tengdum innlendum stjórnmálum, rúmlega 24%, en aðeins 18,2% eru í sama flokki. Nákvæmar fjöldatölur í hverjum flokki fyrir sig má nálgast í töflu 5.

**Tafla 6. Efnisflokkar fréttta og ytri þátttakendur greint eftir kyni (hlutföll).**  
**Samfélagslegir þættir.**


Efnisflokkur	Karlar (n=332)	Konur (n=95)
<b>Andlátsfrétt</b>	1,2	3,2
<b>Fjölskylda &amp; heimili</b>	1,2	3,2
<b>Íþróttir</b>	68,7	32,6
<b>Jafnréttismál</b>	0,6	1,1
<b>Menningarmál</b>	7,8	15,8
<b>Menntamál</b>	3,0	10,5
<b>Náttúra/dýr</b>	1,8	5,3
<b>Neytendamál</b>	1,2	4,2
<b>Sagnfræði/pjóðfræði</b>	0,6	1,1
<b>Samfélagsmál</b>	2,7	9,5
<b>Skemmtiefni/afþreying</b>	3,0	5,3
<b>Slúður</b>	3,9	7,4
<b>Trúmál</b>	4,2	1,1
<b>Samtals</b>	100,0	100,0

Í töflu sex má sjá samskonar upplýsingar og á mynd 4 nema að hér eru hlutföll karla og hlutfall kvenna skipt eftir samfélagslegum þáttum. Hér má sjá að stærsta hlutfall beggja kynja birtist í íþrótttafréttum.




**Mynd 5. Efnisflokkar fréttar og ytri þátttakendur greint eftir kyni (hlutföll). Samfélagslegir þættir, ekki íþróttir.**

Vegna þess hversu hátt hlutfalla einstaklinga birtast í íþrótttafréttum er hér birt samfélagslegir þættir eins og í töflu 6 nema að floknum íþróttir hefur verið sleppt. Stærsta hlutfall beggja kynja birtast í fréttum tengdum menningarmálum, eða 25% karla og 23,4% kvenna. Hátt hlutfall kvenna í fréttum tengjast menntamálum, 15,6%, og samfélagsmálum 14,1%. Hærra hlutfall karla birtist í slúðurfréttum en hlutfall kvenna í sama flokki, mun oftar var fjallað um fræga karla heldur en frægar konur. Þessi hlutföll sem eru sýnd á þessari mynd eiga við um prósentu innan flokksins, nákvæmar fjöldatölur í hverjum flokki er hægt að nálgast í töflu 5.




**Mynd 6. Efnisflokkar fréttu og ytri þátttakendur greint eftir kyni (hlutföll). Íþróttir.**

Þegar kom að því að skrá niður einstaklinga í íþrótttafréttum voru þeir sem voru sérstaklega nafngreindir aðeins skráðir, á að það við um bæði kynin. Þannig að þegar sagt var frá t.d. fótboldaleik voru ekki allir leikmenn liðanna skráðir heldur aðeins þeir sem íþrótttafréttamaður nafngreindi. Mikill fjöldi einstaklinga, 228 karlar og 31 kona, eru í flokknum íþróttir og hefur þess vegna sá flokkur verið sérstaklega aðskildir frá öðrum á mynd 6. Af þeim einstaklingum sem var fjallað um eða talað við vegna íþróttu voru aðeins 12% konur.




**Mynd 7. Efnisflokkar fréttta og ytri þátttakendur greint eftir kyni (hlutföll). Atvinnutengdir þættir.**

Á mynd sjö sjáum við hlutföll karla og kvenna sem ytri þátttakendur í atvinnutengdum þáttum. Lang stærsta hlutfall kvenna í þessum flokki birtist í fréttum tengdum fjölmíðlum og/eða fjarskiptum, eða 62,5% þeirra. Einnig birtist stærsta hlutfall karla í þeim flokki (24,7%), en mun meiri dreifni er í skiptingu á milli flokka hjá körlum. Engin kona er í flokkunum *iðnaður, sjávarútvegur né tækni og vínsindi*. Og hlutfall karla er hærra en kvenna í öllum öðrum flokkum nema *verkalyðsmál*, þar er hlutfall kvenna 4,2% en hlutfall karla 3,4%. Hér ber að taka aftur fram að þessar prósentutölur eiga við innan hvers kyns, þannig að þrátt fyrir að hlutfalla kvenna sé mun meira innan fjölmíðla og/eða fjarskipta voru fleiri karlar sem birtist í fréttum tengdum þeim málaflokki heldur en konur.




### Mynd 8. Er viðmælandi kynntur með starfsheiti?

Á mynd 8 sjáum við að það að kynferði hefur ekki áhrif á það hvort að viðkomandi viðmælandi í íslenskum fréttum er kynntur með starfsheiti þar sem hlutföll kynjanna er nánast það sama. Fjöldi karla sem hægt var að greina varðandi þessa spurningu var 547, en konur 159.



### Mynd 9. Staðsetning myndavélar.

Kynferði virðist ekki hafa nein áhrif á það hvert myndavélu er beint í viðtölu. Eins og áður hefur komið fram er fyrirmynndin af aðferðinni við þessa rannsókn frá samskonar rannsóknum sem hafa verið gerðar erlendis. Áhugavert væri að skoða hvort að erlendar rannsóknir hafi sýnd fram á mun á milli kynjanna í þessu tilliti, og hvers vegna spurning um staðsetningu myndavélar hafi vaknað.



#### **Mynd 10. Staðsetning viðtals.**

Á mynd 10 sjáum við hvar fréttaviðtöl eru tekin eftir kynferði. Í flestum tilvikum fara viðtöl fram í hlutlausu umhverfi, þá yfirleitt einhvers staðar undir berum himni þar sem staðsetning er óháð málefni viðtalsins. Talað er við hærra hlutfall karla en kvenna á vinnustað þeirra, prósentumunurinn 12,1%. Viðtal við konur fer fram á heimilum þeirra í 3,5% tilvika en aðeins 0,4% karla.

## Innri þátttakendur

**Tafla 7. Hlutverk innri þátttakanda greint eftir kyni (Fjöldi og hlutföll).**


	Karlar		Konur	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
<b>Páttastjórnandi</b>	16	8,0%	13	15,7%
<b>Fréttakynnir</b>	21	10,4%	8	9,6%
<b>Fréttamaður</b>	122	60,7%	51	61,4%
<b>Fréttaritari</b>	7	3,5%	0	0%
<b>Íþróttafréttamaður</b>	28	13,9%	0	0%
<b>Veðurfréttamaður</b>	7	3,5%	11	13,3%
<b>Samtals</b>	201	100%	83	100%

Í töflu sjö sjáum við fjölda og hlutfall karla og kvenna sem eru innri þátttakendur í gögnum rannsóknarinnar. Innri þátttakandi er einstaklingur sem starfar fyrir viðkomandi sjónvarpsstöð. Athygli vekur hér að engin kona gegndi starfi fréttaritara né íþróttafréttamanns/konu. Flestir innri þátttakendur eru fréttamenn, rúmlega 60% hjá báðum kynjum. Konur eru hér í hærra hlutfalli sem veðurfréttamenn og þáttastjórnendur, en fjöldi þeirra er þó færri í hlutverki þáttastjórnanda.

**Tafla 8. Aldursdreifing innri þáttakenda (fjöldi og hlutfall).**

	Karlar		Konur	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
<b>Yngri en 12 ára</b>	0	0%	0	0%
<b>13-19 ára</b>	0	0%	0	0%
<b>20-34 ára</b>	34	19,1%	41	46,6%
<b>35-49 ára</b>	124	69,6%	46	52,3%
<b>50-64 ára</b>	19	10,7%	1	1,1%
<b>65 ára og eldri</b>	1	0,6%	0	0%
<b>Samtals</b>	178	100%	88	100%

Í töflu átta eru innri þáttakendum skipti í aldursflokka eftir kynferði. Rúmlega 46% kvenna sem starfa við fréttatengd efni hjá Ríkissjónvarpinu og Stöð 2 eru á aldrinum 20-34 ára en aðeins 19,1% Karlar. Flestir karlar eru á aldrinum 35-49 ára, tæplega 70% þeirra en aðeins rúmlega helmingur kvennanna. Þegar skoðaður er aldurinn 50 ára og eldri eru 11,3% karla í þeim flokki en aðeins 1,1% kvenna. Af töflu 8 má sjá að konur sem starfa við fréttir hjá íslenskum sjónvarpsstöðvum eru yngri en karlar á sama starfsverttvangi. Hærri prósentumunur er á milli kynja þegar skoðaðir eru innri þáttakendur heldur en ytri þáttakendur eins og var gert í töflu 2. 32 einstaklingar voru skráðir í flokkinn *ekki vitað* í þessari greiningu, 28 karlar og 4 konur.



**Mynd 11. Aldursdreifing innri þátttakenda.**

Á mynd 11 er að finna sömu upplýsingar og birtar eru í töflu 8, sett upp í súlurit.

## Lokaorð

Niðurstöður þessarar rannsóknar eru mjög skýrar; karlar birtast mun oftar í íslenskum fréttum og fréttatengdum þáttum en konur. Hlutfall karla er mun hærra en kvenna í fréttum hvort sem á við sem innri eða ytri þáttakendur. Hér er þó þátturinn Kastljós hjá Ríkissjónvarpinu undantekning, þar sem að fleiri konur en karlar eru ytri þáttakendur í þeim þætti. Í heildina er ekki mikill munur á milli sjónvarpsstöðva (RÚV og Stöð 2) þegar hlutföll kynjanna er skoðað, þó er aðeins lægri munur á milli karla og kvenna hjá Ríkissjónvarpinu, karlar eru 75% þeirra sem birtast í fréttum eða fréttatengdum þáttum hjá Ríkissjónvarpinu en 81% á Stöð 2. Þátturinn Kastljós hefur án efa jákvæð áhrif (minni munur á milli kynjanna) á prósentumun stöðvanna tveggja.

Þeir karlar sem birtast í fréttum eru eldri en þær konur sem birtast þar. Kynferði hefur ekki áhrif á það hvort að viðmælandi í viðtali er kynntur með starfsheiti eða ekki. Kynferði hefur heldur ekki áhrif á staðsetningu myndavélar þegar rætt er við fólk í fréttum (hvort að myndavél beinist niður, upp eða sé í augnhæð). Viðtöl við karla fara oftar fram á vinnustað þeirra en viðtöl við konur, prósentumunurinn er rúmlega 12%. Hærra hlutfall kvenna en karla var á heimili sínu þegar viðtal fór fram. Í flestum tilfellum fór viðtal þó fram í hlutlausu umhverfi, t.d. undir berum himni þar sem staðsetning var ekki háð umfjöllunarefni, og í myndveri.